

Nr. 057 / 12 Gulltoppur GK 24***Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr. 1458
Smíðaður: Seyðisfirði 1976 stál
Stærð: 98,8 brl. 159,9 bt.
Mesta lengd: 26,92 m Skráð lengd: 24,96 m
Breidd: 5,9 m Dýpt: 5,3 m
Vél: Caterpillar 313 kW, 1975
Fjöldi skipverja: 6



Gulltoppur ©Harþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. apríl 2012 var Gulltoppur á línuveiðum í Grindavíkurdýpi. Veður: A 10-14 m/sek.

Á línudrættinum skaust krókur í fingur skipverjans á rúllunni svo djúpur skurð hlaust af. Skipstjóri gerði að sárinu með sáraklemmum og þegar í land var komið um kvöldið var slasaða komið til læknis.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist ekki hafa veitt því athygli hvar krókurinn festist áður en hann skaust í fingur hans en aflið sem var í króknum hafi verið með þeim hætti að mikil teygja hafi verið kominn á tauminn. Hann hafi notað langan gogg til að taka fisk sem kominn var að spilinu og því með ólíkindum að krókurinn hafi náð til hans. Hann sagði einnig að hann vissi ekki til þess að krókar vildu festast í rúllunni.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.